# Kveldúlfur

II. 7. blað | Þriðjudaginn 29 marzm. | 1892

## Framför í sjómennsku

Mjer kemur opt til hugar að spyrja: Er Bakkamönnum (þ. e. sjómönnum í Eyrarbakka og Stokkseyri) að fara fram eða aptur í sjómennsku? Ef jeg svara mjer sjálfur eins og mjer virðist vera þá svara jeg: Nei! því framfarirnar lýsa sjer í fáu eins og apturfarir í mörgu. Lýsir það framför að hafa fyrir nokkru pantað baujur í Sundin, til leiðbeiningar sjóvilltum mönnum, og láta þær svo liggja uppi í sandi eða görðum? Að hugsa ekki um að leggja svo mikið í kostnað, að þeim verði komið svo niður að gagni sje að — og ugglaust sje að þær slitni ekki upp, í hverju hafróti, sem er. Er slíkt framför? segi jeg. Nei. Alls-ekki framför heldur apturför. Baujur þær, sem áður er getið um hefðu getað komið að mjög miklu liði og orðið vinsælar hefði þeim verið haganlega fyrir komið, en slíku hefir hamlað dáð- og dugleysi sjómanna sjálfra. Menn ræða um það, sem við þarf til endurbóta; en sjaldan kemst það lengra en í varirnar.

Í vetur birtist grein í Kveldúlfi — einhver sú bezta og þarfasta grein, sem þar hefur birzt — um að leggja baujur í Þorlákshöfn og fá þar luktir; en því hefir enginn sinnt. Hvað á að gjöra, til að fá formennina til að gefa þessu og öðru eins gaum? Jeg segi: að stofna fiskiveiðafjelag í hreppnum. Bjargráðanefndirnar þegja; þær gjöra ekkert nema, eins og margir aðrir skapast að stöðu sinni; það vita sumir, að þær hafa ekkert aðhald, enga stjórn. Ef hjer yrði stofnað fiskiveiðafjelag, sem ljeti sjer ekki einungis annt um að leggja ráð til að afla fiskjar með sem haganlegustu móti og verka hann vel, heldur og einnig hugsaði um öll mögulég bjargráð, — og þetta álít jeg að ætti að vera verkefni þess — þá hygg jeg að það ætti fyrst og fremst <u>að sjá um að</u>: baujurnar væru lagðar við Sundin og að ekkert væri til sparað að gjöra það sem tryggast og bezt að hægt væri; einnig að fá luktir í Þorlákshöfn eins og nefnt var í blaðinu um daginn; að fengnir væru 2 lúðrar í hverja veiðistöð í Eyrarbakka og Stokkseyri og að lúðrarnir skyldu notaðir til þess að blása í fram í Sundunum.

eða við það, þegar dimmviðri kemur uppí, eins og átti sjer stað í laugardaginn (26 þ.m.). Lúðrana átti að troða, en ekki að blása í þá, því bæði verður hljóðið í þeim miklu sterkara og varir lengur. Á Eyrarbakka var blásið í 2 lúðra fyrrnefndan laugardag, og hefir það eflaust orðið þeim, sem á sjó voru til mikils gagns; en þó hygg jeg að þeir hafi ekki verið rjett notaðir, því þó blásið væri í þá uppvið sandvörðuna var það oflangt frá, og mikið villandi fyrir þá sem á sjónum voru; og munu menn hafa runnið á hljóðið án þess að hugsa um hvort þeir færu nokkurt sund eða ekkert.

Jeg skora á yður lesendur Koldúfs, að hugsa alvarlega um þetta mikilsvarðandi mál, og styðja að því að það komist lengra en á pappírinn. Vjer ættum að láta það vera oss til upphvatningar í þessu máli, að vjer höfum nú sjeð, að þörf er á að eitthvað sje gjört til hjálpar sjómönnum, þegar þeir eru í vondu veðri áttavilltir úti á sjó, og vita ekki hvar eða hvernig þeir eiga lands að leita. Þessi ráð: að hafa baujur, lúðra og ljós ætti að viðhafa allan tíma ársins, því eins er þörf á því haust og vor, sem á vertíðinni, þegar sjómennirnir eru að berjast í illviðrum á smábátunum, opt illa klæddir og illa mannaðir. Jeg vil að endingu benda mönnum á „Hafnarfjarðarbaujuna" sjer til fyrirmyndar og skora á menn að spara ekkert peningana, því líf margra duganda manna er meira vert en nokkrar krónur. Öll góð ráð og bendingar í þessu átti tek jeg fegins hendi í blaðið.

Stokkseyri 28 marzm. '92

Jón Pálsson

# I.

## Um sætisfisk, skiptög og formannskaup.

Nú hefir heyrst, að nokkrir menn í austurhluta Stokkseyrarhrepps (St. hrepi) hafi kallað alla formenn til fundar við sig í þeim tilgangi að fá þá til að safna samskotum (1 fisk af hlut) til Stokkseyrarkirkju til að greiða vexti og afborgun af láni því er sóknarnefndin hefur tekið í kirkjugjörðinni. Þetta er mikið vel hugsað, og eins og það munar einstaklinginn lítið sem ekkert að gefa 1 fisk af hlut sínum getur það dregið kirkjuna stórum. Í Stokkseyrarveiðistöð eru nú 44 skip og eptir nákvæmastri reikningi hvað vera þar 16 hlutir að meðaltali af hverju skipi og eru það þá nálægt 700 hlutir í veiðistöðinni; gefist nú þorskur af hverjum hlut, sem reikna mætti, á kostaði frádregnum á 20 aura hvern, væri þá fengið þarna hálft annað hundrað krónur til kirkjunnar og er það

ekki svo lítið. Þar sem það hefir
að sögn fengið beztar undirtektir hjá
formönnum og mögum hásetum þar
austur frá, gæti maður einnig búist við
að fá góðar undirtektir með það hjer á
Eyrarbakka, ef nokkur maður tæki
sig fram um að nefna það á nafn;
jeg bjóst við að það gjöri, sumt engum nema
ef þeir Sömu: Séra Ingvar Nikulásson,
Einar Jónsson og Gísli Gíslason gjörðu
það. Aptur á móti hefi jeg heyrt að
Sumir utansveitarmenn sem róa í
Stokkseyrarhverfi hafi ekki tekið neitt
vel undir þetta og sagt: að þeir
gætu engan fisk, það væri engin
„gustuk“; þeir mættu það ekki fyrir
húsbóndanum o. s. frv. Þetta þykir
mjer ljósa undraverðum smásálar-
skap, og hefir mjer dottið í hug hvort
ekki mætti skylda þessa og aðra
eins pilta, sem ekki vilja vera svo
fjelagslegir að fylgja formanni sín-
um í því að gefa kirkjunni 1 fisk
til að leggja sem þessa sveitar til kirkj-
unnar til dæmis sálutíðir

Sjómenn úr sveit, virðast hafa
sama aðgang til hverra sæti sem er
í kirkjunni, sem sóknarmenn sjálfir,
og jeg veit ekki til að þeir þoki úr
sessi fyrir sóknar bændunum
hvað þá öðrum; þeir koma líka opt
reglulega dónalega fram í kirkjunni
með því, að ryðjast hver fram fyrir
annan með allskonar gauragangi;
þeir mættu því gjarnan leggja einn
fisk á ári til kirkjunnar. Til að
koma þessu á, virðist mjer eini vegur-
inn: að fá innlenda formenn til
að ráða háseta sína með því skilyrði

að þeir gæfu 1 fisk af hlut til
kirkjunnar og þeir (form.) ætti að
vera þetta bæði ljúft og skylt gagn-
vart kirkjunni og sveitarfjelaginu,
því það er skylda þeirra að sjá fyrir
kirkjunni hvort sem er; en útlendum
formönnum (sem ekki búa í sókninni,
en eru formenn) ætti að banna skips-
uppsátur ef þeir ekki vilja ganga að
þessu. Jeg sje ekki annað en með þessu
móti mætti koma þessu á; óneitanlegt
getur það naumast orðið, því þetta
munar hásetann engu, en kirkjuna
talsvert. Ill áhrif á ráðningu hásetanna
getur það ekki haft, því hingað bjóð-
ast ávallt nógir margir hásetar, hvernig
sem fiskast; það veit jeg með sanni.
Það er annars undarlegt hvað menn
láta sig litlu skipta ~~um~~ hvernig það
gengur með kirkjunnar hjerna, hvort
þar komast nokkurntíma úr skulda-
vafsinu eða ekki. Það er eins og menn
viti ekki að þar hljóta að koma á
háltunni á sóknarmönnunum fyr eða
seinna og hver veit hvort þá verður
betra en nú að inna skuldargjöld
sín af hendi við þar. Í sumar á
að kjósa sóknarnefnd og væri óskandi
að menn hugsuðu eptir því að velja
duglega, hyggna og framkvæmdarsama
menn í hana.

(Meira næst)

---

# Kveldúlfur

(Samanb. Egilssögu).

Nú hnígur að kveldi
Til hvílu jeg fer;

Er rænar um veldi
Oss vogs-jöfur ber
Hinn síðasta blundinn
Nú sofna jeg skjótt,
Á koldimmri nótt
Því komin er stundin

Nú flýg jeg frá löndum
Og fiska-prúnginn sjá,
Frá ánna ströndum
Og, öðlum frá.
Ó, svikráði gramur
Er sviptir lýð frið!
Því veitir ei grið.
Við ógfundi tamur.

Ef vísir hjer stóð
Þó veikt sje mitt megn
Í reiðinnar óði
Hann rak jeg í gegn.—
Hvað stóð ei að hamast
Á hilkomnu stund,
Með atgeir í mund,
Sem áður var tamast!

Á braut er hið forna,
Með bryntröll í mund
Um áfrinar morgna
Er áð jeg um grund
Mjer dýpum skal hangur
Á ókenndri fold,
Og rænar í mold
Þar nyrja menn drangur.

Mjer varpið í hafið
Því hnigin jeg er;
Ef löðrandi hafið
Að landi þar ber

Mín bein, bæði skaltu,
Þar bláir dynur sær.
Ó, arfi minn kær!
Þau orðin mín haltu.

Til Valhallar halda
Nú hjeðan jeg skal
Þar faðir byggir alda
Í eldbjörtum sal.
Mig hlæjir að deyja
Hjá hrumum í bet
Og einherjum með
Þar ornustu heyja.

VII. a. ø.

---

## Spakmæli.

Að vera farsæll, er fólgið í því, að elska skyldu sína, og finna ánægju í að rækja hana.

Lífið gefur ekki svar uppá allar spurningar, en bendingar um, hvernig vjer getum svarað þeim.

Kærleikurinn hindrar oss frá að hræðast lífið; trúin frá því að hræðast dauðann.

## Skrítlur.

Herforinginn: (við ópeginn dáta) Að kalla þig svín er ekki skammaryrði, heldur hæð titill.

Barnakennari: Hvert eiga menn að fara á sunnudögum.
1. Strákur: Á skauta.
Kennarinn: Slúður. Getur nokkur annar sagt það.
2. Strákur: Já, við jeg?— Á knapana.